

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

196. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn **3. maí 2011**
kl. 17:00 í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Skipulagsmál.

Tekið á dagskrá:

2. Erindi Víglundar Gunnþórssonar.
3. Erindi Ingvars Ragnarssonar.
4. Erindi Skúla H. Guðbjörnssonar.

Afgreiðslur:

1. Deiliskipulag austan Norðurbrautar. Forstöðumaður tæknideildar kynnti breytingar sem gerðar hafa verið á deiliskipulagstillögu austan Norðurbrautar á Hvammstanga. Ráðið samþykkir að fyrirbyggjandi tillaga ásamt skipulagslýsingu frá Landmótun dags. 02.05.2011 verði auglýst og kynnt. Jafnframt samþykkir ráðið að auglýsa breytingu á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags Húnaþings vestra 2002-2014. Breytingauppdrátturinn og skipulagslýsing er unnin hjá Landmótun dags. 02.05.2011.

Tekið á dagskrá:

2. Erindi Víglundar Gunnþórssonar.

Forstöðumaður tæknideildar gerði gein fyrir ósk Víglundar Gunnþórssonar um að láta af formennsku í skipulags- og umhverfissráði.

Að beiðni Víglundar Gunnþórssonar samþykkir skipulags- og umhverfissráð að Guðjón Þ. Loftsson taki við formennsku í skipulags- og umhverfissráði Húnaþings vestra. Jafnframt samþykkir skipulags- og umhverfissráð að Víglundur Gunnþórsson verði varaformaður ráðsins.

3. Ingvar Ragnarsson kt. 050472-4429 sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhús sitt að Syðra-Kolugili í Víðidal fastanr.213-5361 skv. meðfylgjandi teikningum A01, A02 og A03 dags. 02.05.2011. Teikningar eru gerðar af Hauki Árnasyni byggingartæknifræðingi. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Örn Óli Andrússon vék af fundi við afgreiðslu erindisins vegna vanhæfis.

4. Skúli Hreinn Guðbjörnsson kt. 240165-3179 sækir um leyfi til brottflutnings á sumarhúsi sínu fastanr.225-8353 sem staðsett er á lóð landnr.195566 í landi Svalbarðs. Fyrirhugað er að flytja húsið á lóð í landi Stóruvalla í Bárðardal. Ráðið samþykkir erindið.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00

Örn Óli Andr sson (sign),
Gu j n P rarinn Loftsson (sign),
Anna Mar a El asd ttir (sign),
Unnsteinn  . Andr sson (sign),
Erla B.Kristinsd ttir (sign),
 lafur H.Stef nsson forst duma ur t knideildar (sign).
Benjam n Kristinsson byggingarfulltr i (sign),
P tur Arnarsson sl kkvili sstj ri (sign),